

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um sviðslistir 165/2019

Þingskjal 1383 – 936. mál.

Fyrst vil ég koma því á framfæri að ég styð þetta frumvarp og styð stofnun Þjóðaróperu. Í mínum huga mun það ýta undir þetta listform á Íslandi og auka fjölbreytnina.

Ég hef þó eina athugasemd sem ég bið alsheljar- og menntamálanefnd að skoða.

Í annarri grein um hlutverk er talað um að glæða áhuga landsmanna á óperulistum og svo í næstu málsgrein er talað um samstarfsverkefni í öllum landshlutum.

Í mínum huga ætti að standa að þjóðaróperan starfi í öllum landshlutum. Ekki bara standi fyrir samstarfsverkefnum. Með þessu þá er verið að festa þau, sem hafa áhuga á að starfa við þjóðaróperuna, á höfuðborgarsvæðinu. Þannig verður þetta enn eitt batteríð sem er með starfsemi í höfuðborginni en á svo að sinna öllu landinu en gerir það ekki eða lítið. Það gerir það þá að verkum að þau sem hafa menntað sig í þessu sæki frekar eftir að búa á höfuðborgarsvæðinu og gerir landsbyggðina fátækari af listafólki.

Eins og ég nefndi í athugasemd við frumvarpsdrögin í samráðsgátt stjórnvalda þá legg ég til að breytt verði um stefnu og fastráða söngvara/starfsfólk í hverjum landshluta og setja reglur um þáttöku í verkefnum þar. Ýta undir verkefni, stofna til nýrra, vinna með hópum sem eru þar fyrir og svo einnig taka þátt í stærri sýningum í öðrum landshlutum.

Þá væri hægt að hafa verkefni þar sem þessir söngvarar taka þátt í, með öðrum sem eru verkefnaráðnir. Ekki bara gera það þannig að við úti á landi fáum mögulega og kannski til okkar valdar sýningar sem gætu borið sig uppi. Heldur hjálpum þessu listformi að lifa út um allt land.

Það sést hversu höfuðborgarsvæðismiðað þetta listform er, þegar sérstakir styrkir úr Sviðslistasjóði til Óperuverkefna fóru miðað við mínar athuganir allir til verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Þannig áframhald ýtir ekki undir markmið frumvarpsins sem er að glæða áhuga landsmanna á óperulistum.

Þá finnst mér orðalagið í innganginum í greinagerðinni „samstarf við landsbyggðina“ ýta undir svona „við og hinir“ hugsun.

Landsbyggðin á að vera hluti af Þjóðaróperu en ekki bara samstarfsaðili.

Umsagnaraðili er áhugamaður um landsbyggðina, náttúruna og óperulistina

Sævar Þór Halldórsson